

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Tilvísun: 20140901629

Reykjavík, 15.09.2014

Efni: Umsögn með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Vísað er í tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN), nr. 21/1992 með síðari breytingum (endurgreiðsla lána og niðurfelling) sem lagt var fram á 143. löggjafarþingi 2013-2014 og aftur á 144. Löggjafarþingi 2014 – 2015, þingskjal 31 – mál 31.

Í frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi breytingar á lögum nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna:

1. Ábyrgð ábyrgðamanns fellur niður við 67 ára aldur þ.e. ef lánið er í skilum og ábyrgðarmaður var yngri en 54 ára þegar hann gekkst í ábyrgð (1.gr.).

Ef lánið er í vanskilum þá er heimilt að fella niður eftirstöðvar láns fyrir utan þann hluta sem er í vanskilum.

2. Að heimilt verði að afskrifa hluta eða heild eftirstöðva námsláns vegna langvarandi veikinda, fötlnar eða örorku skuldara. Ráðherra skal útfæra þessa framkvæmd nánar í reglugerð.

Námslán lánþega falli niður við 67 ára aldur ef hann hafir tekið námslánið fyrir 54 ára aldur.

Ef lánið er í vanskilum þá er heimilt að fella niður eftirstöðvar láns fyrir utan þann hluta sem er í vanskilum.

3. Ákvæði til bráðabirgða.

Allir sem náð hafa 67 ára aldri við gildistöku laganna fá felldar niður eftirstöðvar námslána sinna.

Eftirfarandi eru athugasemdir Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) varðandi frumvarpið ásamt mati á kostnaði vegna lagabreytinganna:

1. Áhrif þess að fella niður ábyrgð ábyrgðamann þegar þeir ná 67 ára aldri (1.gr.)

Þau lán sem LÍN veitir almennt í dag eru ekki með ábyrgð þriðja aðila. Breytingin mun þannig að meginstefnu hafa áhrif á námslán í fortíðinni þ.e. á fyrri hluta ársins 2009 og fyrr. Ekki liggja fyrir upplýsingar um aldur ábyrgðamanna á útstandandi námslánnum og því erfitt að meta hvaða áhrif þessar


Tölur miðast við áramótastöðu lána 2013/2014. Látnir einstaklingar eru ekki teknir með, staðan 27.8.2014)				
Árið 2014				
Aldur	Fæðingarár	Fjöldi lánþega	Heildarupphæð lána	Meðallánsupphæð
66 ára og eldri	-1947	224	707.444.834 kr.	3.158.236 kr.
61-65 ára	1948-1952	528	1.696.434.418 kr.	3.212.944 kr.
50-60 ára	1953-1963	7072	22.240.473.292 kr.	3.144.863 kr.
		7824	24.644.352.544 kr.	3.149.841 kr.
Tölur miðast við áramótastöðu lána 2012/2013. Látnir einstaklingar eru ekki teknir með. Staðan 30.10.2013.				
Árið 2013				
Aldur	Fæðingarár	Fjöldi einstaklinga	Heildarupphæð lána	Meðallánsupphæð
66 ára og eldri	-1946	155	576.040.645 kr.	3.716.391 kr.
61-65 ára	1947-1951	347	1.242.614.003 kr.	3.581.020 kr.
50-60 ára	1952-1962	4977	19.663.294.438 kr.	3.950.833 kr.
		5479	21.481.949.086 kr.	3.920.779 kr.

Töluverð óvissa fylgir þessu kostnaðarmati þar sem útreikningurinn gengur út á að áætla endurgreiðslur námslána sem eru tekjutengdar áratugi fram í tímann og sem grundvallað er á núverandi tekjum viðkomandi eða meðaltekjum ef viðkomandi er í námi. Áhrif á þetta mat hefur einnig að tekjur almennings hafa lækkað á undanförunum árum í kjölfar kreppunnar, meira er um afskriftir vegna gjaldþrota einstaklinga og fjölgun er í beiðnum um undanþágu vegna atvinnuleysis og annarra greiðsluferðleika.

Núverandi stuðningur ríkisins við námsmenn felst m.a. í góðum vaxtakjörum og endurgreiðslum sem taka tillit til tekna greiðanda þannig að greiðslubyrði vegna afborganna námslána sé ásættanleg. Almennt má segja að námstími námslána sé að lengjast og fjáhæð lána námsmanna að hækka sem og aldur námsmanna. Hærri námslán minnka almennt líkur á fullum endurheimtum en afskriftir námslána og vaxtaafsláttur fela í sér verulegan opinberan stuðning við námsmenn. Þetta ásamt fleiri áhættuþáttum eins og niðurfellingu ábyrgðamanna, aukinnar skuldsetningar lánþega vegna námlána sem og annarra skulda greiðenda námslána þýðir að skoða þarf með heildstæðum hætti hvert framlag ríkissjóðs til sjóðsins þarf að vera og þá ekki síður ef gerðar eru breytingar á lagaumhverfi sjóðsins.

Ljóst er að þessi lagabreyting hefur í för með sér verulegan viðbótar kostnað fyrir ríkissjóðs á hverju ári eftir gildistöku laganna. Kostnaður ríkissjóðs á fyrsta ári er tæplega 800 m.kr. og fer sú upphæð hækkandi á hverju ári miðað við óbreytta þróun í hækkandi námslánunum. Gera má ráð fyrir að næstu 17 árum nemi kostnaður ríkissjóðs í formi afskrifta námslána um 22 milljarða. Lengra fram í tímann er ekki farið í þessu mati.

Virðingarfyllt



Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir
Framkvæmdastjóri

Afrit:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti